

Borgarstjórn Reykjavíkur
16. maí 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um um gjaldfrjálsa akstursþjónustu fatlaðs fólks á kjördag

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að afnema gjaldtöku á ferðum í akstursþjónustu fatlaðs fólks á kjördag. Þetta á við þá daga þegar alþingis-, forseta- og borgarstjórnarkosningar fara fram. Þau sem greiða atkvæði utan kjörfundar skulu einnig eiga rétt á gjaldfrjálsri akstursþjónustu á kjörstað. Reykjavíkurborg kynni ákvörðunina með góðum fyrirvara þannig að notendum sé ljóst að þjónustan sé í boði.

Greinargerð

Mikilvægt er að allir íbúar hafa tryggan aðgang að kjörstöðum. Með því að bjóða upp á gjaldfrjálsa akstursþjónustu á kjördegi og til að greiða atkvæði utan kjörfundar er borgin að sjá til þess að fólk sé ekki rukkað til að komast á kjörstað.